



Haust við Hoffellsjökul. [Ljósmynd: Guðmundur Ögmundsson]

SUÐURSVÆÐI FRÉTTABRÉF HAUST / VETUR 2013-2014

INNGANGUR

Árið sem nú er nýliðið var um margt viðburðaríkt í starfi Vatnajökulspjóðgarðs á suðursvæði. Þar bar helst til tíðinda að ný gestastofa var opnuð í Gömlubúð á Höfn og var henni mjög vel tekið af ferðamönnum. Í Skaftafelli var hafist handa við lagningu hitaveitu og nýtt þjónustukortakerfi tekið í notkun. Frá þessu og ýmsu öðru er nánar greint í fréttabréfi suðursvæðis sem nú birtist í annað sinn.

STARFSEMI

Starfsemin í Skaftafelli var með svipuðu sniði sl. sumar og árið á undan. Ein helsta breytingin fólst í því að rekstri gistiheimilisins í Böltu var hætt og því var hægt að nýta húsnæðið fyrir starfsmenn þjóðgarðsins. Var það mjög til bóta fyrir starfsmennina og vinnuskipulag. Um 25 manns störfuðu í Skaftafelli í sumar, þar af þrír heilsársstarfsmenn.

Afgreiðslutími Skaftafellsstofu var lengdur á jaðartíma sumarsins og endurspeglar það fjölgun gesta á sama tíma. Gestafjöldi hefur heldur aldrei verið meiri en árið 2013; metfjöldi var í hverjum einasta mánuði og heildarfjöldi gesta nálægt 270 þúsund, miðað við tæp 240 þúsund árið á undan og 195 þúsund 2011. Hlutfallslega er aukningin mest á veturna (október-apríl) en nú er svo komið að á því tímabili koma 10% gestanna, samanborið við 3% árið 2010.

Líkt og undanfarin árin var einn landvörður í Lónsöræfum, en hann naut einnig aðstoðar sjálfbóðaliða og starfsmanna á Höfn. Starfsmenn á Höfn höfðu annars í nógu að snúast við undirbúning fyrir opnun gestastofu í nýju húsnæði í Gömlubúð. Fjöldi fólks heimsótti þessa nýjustu gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs í sumar og í lok september var tala þeirra tæplega 37 þúsund,* en til samanburðar má nefna að rétt rúmlega 20 þúsund heimsóttu upplýsingamiðstöðina á Höfn 2012. Er Gamlabúð þar með önnur fjölsóttasta gestastofa þjóðgarðsins strax á sínu fyrsta starfsári. Tveir sumarstarfsmenn störfuðu á Höfn til viðbótar við tvo heilsársstarfsmenn þjóðgarðsins.

* Skv. óyfirfarinni talningu



Á Facebooksíðu Vatnajökulspjóðgarðs segjum við fréttir, birtum myndir, auglýsum viðburði og póstum ýmsu öðru, merkilegu og ómerkilegu.

Fylgstu með okkur!



Innandyra í Gömlubúð. [Ljósmynd: Helga Davids]

HELSTU FRAMKVÆMDIR

Gamlabúð var opnuð með pomp og prakt á fimm ára afmæli þjóðgarðsins þann 7. júní. Starfsmenn þjóðgarðsins tóku mikinn þátt í vinnu við sýninguna sem sett var upp þar og Þórunn Þorgrímsdóttir hannaði.

Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs urðu miklar skemmdir á göngustígum í Skaftafelli vegna vatnavaxta í febrúar síðastliðnum. Mikil vinna fór í að lagfæra þessar skemmdir í sumar og naut þjóðgarðurinn styrks frá Ferðamálastofu til að kosta framkvæmdirnar.

Stærsta einstaka verkefnið var að gera endurbætur á gönguleið að Skaftafellsjökli í Skaftafelli og færa hana frá fjallshlíðinni á kafla vegna öryggis ferðamanna og til að minnka úrkomutengt viðhald á leiðinni. Aðrar stórar framkvæmdir voru á göngustíg við Lambhaga þar sem annarsvegar þurfti að færa brú sem grófst á kaf í aur og hinsvegar að lagfæra aðra sem flaut upp og koma henni aftur á sinn stað. Einnig fór mikið efni og margar vinnustundir sjálfboðaliða í að lagfæra göngustíg upp frá Selbænum áleiðis að Svartafossi, göngustíginn upp á Sjónersker og áleiðis að Skerhól.

Snemma sumars hófst vinna við lagningu hitaveitu í Skaftafelli á milli þjónustubygginganna og borholu við Sandasel. Lögð voru einangruð plaströr frá Skaftafellsstofu og í gegnum tjaldsvæðið, en vinna síðan frestað til haustsins vegna fjölda ferðamanna. Vætutið og há grunnvatnsstaða settu hins vegar strik í reikninginn og framkvæmdin bíður því heppilegra tíðarfars. Nú stendur hins vegar yfir tilraunadæling og er holan að skila 57°C heitu vatni þegar dælt er 4 lítrum á sekúndu.

Nýtt þjónustukortakerfi var tekið í gagníð í Skaftafelli, en þjónustukortin geta gestir notað til að greiða fyrir sturtur, þvottavélar og þurrkara. Kerfið leysti eldra myntsjálfalakerfi af hólmi og gafst nokkuð vel. Nú er hægt að kaupa þjónustukort í sjálfisala fyrir utan Skaftafellsstofu á öllum tímum sólarhringsins og kemur það sér sérstaklega vel fyrir þá sem eru að skila sér úr gönguferðum eftir lokun gestastofunnar.

VERKEFNI LANDVARÐA

Rétt eins og árið á undan höfðu landverðir í Skaftafelli eftirlit með áningarstöðum milli Skaftafells og Jökulsárlóns, í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð og fleiri aðila. Til viðbótar sinntu þeir eftirliti með utanvegaakstri á Skeiðarársandi, en til þess fékkst sérstakur styrkur frá Umhverfissráðuneytinu. Reyndist ekki vanþörf á því tilfellum fjölgaði mjög á milli ára. Starfsmenn þjóðgarðsins fengu fjölmargar ábendingar vegna ummerkja utanvegaaksturs frá fólki sem var algerlega ofboðið, enda var ærin ástæða til. Í nokkrum tilfellum voru ökumenn staðnir að verki og var þeim gefinn kostur á að lagfæra skemmdirnar sem af akstrinum hlutust. Tvö tilfelli voru kærð til lögreglu. Ásamt eftirliti var einnig unnið að því að afmá eldri hjólför með einföld handverkfæri að vopni, en það reyndist hægara sagt en gert og þarf nauðsynlega að þróa fljótvirkari aðferðir til að stemma stigu við frekari náttúruspjöllum. Viðræður hafa verið við Vegagerðina um að fjölga útskotum á leiðinni og merkja þau þannig að fólk viti að það geti stöðvað bílinn og tekið myndir án þess að hætta skapist fyrir aðra vegfarendur.

Landverðir á Höfn sinntu eftirliti á áningarstöðum milli Hafnar og Jökulsárlóns. Að auki sáu þeir um fræðslugöngur á Heinabergi sex daga vikunnar og nutu þær mikilla vinsælda ferðamanna. Ásamt landvörðum úr Skaftafelli og sjálfboðaliðum unnu þeir svo að frekari afmörkun bílastæða við Jökulsárlón og við að afmá hjólför utan vega. Hafist var handa við þetta verkefni sumarið 2012 og var þá einblínt á svæðið framan við jökulgarðana vestan Jökulsár. Um árangur þess þarf lítið að efast því það leynir sér ekki að gróður er í mikilli framför þar sem ekki er lengur ekið.

Þáttur sjálfboðaliða í þessu verkefni er mikils virði, ekki síst fyrir þjóðgarðinn. Reynt var að haga þannig til að hver sjálfboðaliði sem kom til starfa í Skaftafelli kæmist einu sinni til vinnu við Jökulsárlón. Þeim var svo boðið í bátsferð um Jökulsárlónið og ber að þakka Einari Birni og starfsfólki hans sérstaklega fyrir það rausnarlega boð. Fyrir marga sjálfboðaliða var þetta einn af hápunktum dvalarinnar á Íslandi, en margir þeirra hafa ekki mikla peninga á milli handanna til kaupa á afþreyingu. En hrifning þeirra á Íslandi er nær einróma og flestir verða á vissan hátt sendifulltrúar Íslands í heimalandi sínu og víðar – það má glögggt greina t.d. á samfélagsmiðlum og öðrum netmiðlum.



Ísgöng í Svínafellsjökli í desember. Í september var stór hópur fólks við störf á jöklinum vegna töku á kvikmyndinni *Interstellar*, í leikstjórn Christopher Nolans. Leikmynd var reist á jöklinum og göngustíg breytt svo hægt væri að flytja tæki og tól inn á jökulinn. Að tókum loknum var leikmyndin fjarlægð og göngustígurinn færður til fyrra horfs. Sagafilm hélt utan um framkvæmdina í samráði við þjóðgarðinn og landeigendur og tókst þar mjög vel til. [Ljósmynd: Guðmundur Ögmundsson]

FRAMUNDAN

Porri er nú genginn í garð og senn kemur góa; skyndilega sést fyrir endann á vetrinum og undirbúningur fyrir annasamt sumar fer á fullt. Sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði verða auglýst upp úr miðjum febrúar og sem fyrr viljum við hvetja fólk úr heimahéraði þjóðgarðsins til að sækja um.

Viðbúið er að ívið meiri fjöldi ferðamanna heimsæki suðursvæðið í ár en í fyrra og er vonandi að þeir dreifist vel um svæðið. Við vonum einnig að sem flestir íbúar í nágrenni þjóðgarðsins nái að nýta sér þjóðgarðinn og njóta hans. Viljum við af því tilefni minna alla á fræðsludagskrá landvarða, barnastundir og aðrar upptökur sem auglýstar verða á heimasíðu þjóðgarðsins. Við hvetjum ykkur líka til að fylgjast með okkur á Facebook, en þar birtast reglulega myndir og óhefðbundnar fréttir úr þjóðgarðinum. Þar munum við líka kynna á næstunni nýja vefmyndavél sem verið er að setja upp í Skaftafelli. Missið ekki af því! [www.facebook.com/vatnajokulsthjodgardur]



Bjarni Jakobsson, Ásgeir Ingi Óskarsson og Þorlákur Magnússon koma dælu fyrir í borholunni við Sandasel. [Ljósmynd: Guðmundur Ögmundsson]



Í lok júní fannst slösuð fálkafrú við Sandfell og varð hún tilefni fréttar hjá RÚV. Landverðir í Skaftafelli bjuggu um hana til flutnings og fylgdu tveir breskir sjálfbóðaliðar henni í strætó til Reykjavíkur. Þar var fékk hún meðhöndlun í Húsdýragarðinum og var svo sleppt í Heiðmörk í október. [Ljósmynd: Kolbrún Þorsteinsdóttir]



Um Hjallanes í Suðursveit liggur skemmtileg hringleið sem hefst við Skálafell. Hér er gengið með Kolgrímu, en annars eru jökulnúnar klappir helsta einkenni leiðarinnar. [Ljósmynd: Guðmundur Ögmundsson]